

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.11.18
Málalykill	9.33
Mál nr.	1804/30

Reykjavík, 19. Nóvember 2018
Tilvísun: 201807063 / 5.1

Efni: Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri, Garðabæ - beiðni um umsögn

Efla hf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 16. nóvember 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Garðabær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Garðabær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 4. desember 2018 og einnig á tölvupóstfang: jon@skipulag.is og jakob@skipulag.is.


Jón Pórr Þorvaldsson